



## SAMKOMULAG UM RANNSÓKNARSAMSTARF

Heiti á rannsóknaverkefni

Dagsetning samkomulags

Nafn aðalrannsakanda

Byrjunar- og lokadagsetning verkefnis

### 1 gr. Hlutverk og skuldbindingar aðila

- 1.1 Aðilar að þessu samkomulagi (þ.m.t. verkefnisstjórn, sjá 2. gr.) skuldbinda sig til að starfa að rannsókninni í samræmi við samkomulag þetta og þær áætlanir sem gerðar eru og samþykktar eru af verkefnisstjórn. Ábyrgðarmaður rannsóknar (e. Principal Investigator, PI) ber ábyrgð á rannsókninni í heild. Aðilar að rannsókninni geta borið ábyrgð á skilgreindum hlutum rannsóknar.
- 1.2 Aðilar heita gagnkvæmum trúnaði, ábyrgð og samstöðu um verkefnið. Þeir taka þátt í fundum sem boðaðir eru um framgang og mat og taka þátt í kynningu á rannsókninni og niðurstöðum hennar. Aðilar sjá til þess að upplýsingamiðlun sé greið til verkefnisstjórnar um framgang verka, atburði, breytingar og annað sem hefur áhrif á framgang rannsóknarinnar.
- 1.3 Nýir aðilar geta bæst við verkefnið og orðið fullgildir þátttakendur á grundvelli þessa samkomulags, samkvæmt ákvörðun verkefnisstjórnar.

### 2 gr. Verkefnisstjórn (PI)

- 2.1 Í upphafi rannsóknar skal skipa einn eða fleiri ábyrgðarmenn og skipa þeir saman verkefnisstjórn (e. Board). Ábyrgðarmaður hefur á hendi heildarstjórn og umsjón með rannsóknarverkefninu, gerir áætlanir um framgang rannsóknarinnar, tekur ákvarðanir um framvindu og nýtingu fjármagns (í samræmi við umsókn). Ábyrgðarmaður samhæfir störf rannsóknarhópsins í heild.
- 2.2 Ábyrgðarmaður sér til þess að undirbúnir og undirritaðir séu samningar við aðra aðila sem að rannsókninni koma, svo sem doktors- og meistaranema, starfsmenn eða aðra eftir atvikum; undirbýr fundi með rannsóknaraðilum og dreifir fundargerðum; annast kynningarmál; gengur úr skugga um að verkefnið uppfylli skilyrði laga og reglugerða um meðferð persónuupplýsinga og siðferði í vísindarannsóknnum; fylgist með öflun og úrvinnslu gagna; tekur þátt í gagnaöflun, úrvinnslu og greinaskrifum eftir atvikum; verkstýrir þeim sem að rannsókninni koma og heldur utan um fjármál verkefnisins.

### 3 gr. Siðferði í rannsóknnum

- 3.1 Aðilar heita því að gæta trúnaðar um ákveðnar upplýsingar um verkefnið og niðurstöður þess og á það einkum við um persónuupplýsingar. Rannsóknin skal standast lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, hafa hlotið umsögn Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir og eftir því sem við á leyfi Vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Huga þarf að reglum um örugga geymslu gagna (e. Data Management).
  - Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir – veitir kennurum, nemendum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum Háskóla Íslands og annarra háskóla umsögn um rannsóknaráætlanir sem skylt er að leita vegna rannsókna sem fjalla um siðferðilega viðkvæm viðfangsefni. Sjá: [https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/reglur\\_sidanefnd\\_hv\\_5\\_nov\\_2020.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/reglur_sidanefnd_hv_5_nov_2020.pdf).
  - Vísindasiðanefnd – metur umsóknir um rannsóknir sem fyrirhugað er að gera á mönnum og varða heilsu þeirra. Sjá: <http://www.vsn.is/>
  - Siðanefnd heilbrigðisrannsókna á Landspítala – veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna sem gerðar eru á Landspítala eða í samstarfi Landspítala og háskóla í landinu. Sjá: <https://www.landspitali.is/um-landspitala/stjornun-og-skipulag/nefndir-og-rad/>
  - Persónuvernd – Alltaf þarf að sækja um leyfi Persónuverndar ef ekki er hægt að afla upplýsts samþykkis þegar safnað er persónuupplýsingum eða ef keyra á saman gagnaskrár. Sjá eyðublað [hér](#).

## 4 gr. Kynning niðurstaðna og upplýsingamiðlun um verkefnið

- 4.1 Aðilar skulu ásamt öðrum þátttakendum í rannsókn standa fyrir birtingu, útgáfum og kynningum á rannsókninni og niðurstöðum hennar.
- 4.2 Leitast skal við að birta greinar í ritrýndum innlendum og erlendum fræðiritum. Ef rannsóknarefnið telst eiga erindi við alþjóðlegt fræðasamfélag skal leitast sérstaklega eftir því að birta greinar í erlendum fræðiritum svo niðurstöðurnar nýtist fleirum. Einnig skal leitast við að kynna verkefnið á ráðstefnum, þingum eða málstofum. Sjórnarhorn höfundar hverju sinni er virt, þ.e. einstaklingur sem skrifar grein eða kynnir verkefnið á annan hátt er ábyrgur fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma. Meðan á rannsókninni stendur skal höfundur upplýsa samstarfsaðila í rannsókninni um áform sín um birtingar.
- 4.3 Almenn upplýsingamiðlun um verkefnið og niðurstöður þess er hluti af skyldum aðila að rannsóknarverkefninu sem leitast því við að hvetja til umræðu um rannsóknarniðurstöðurnar í samfélaginu. Greinar í blöðum og viðtöl í fjölmiðlum geta verið hluti af kynningu á verkefninu. Í öllum kynningum og birtingum skal þess getið ef verkefnið er styrkt af almannafé og aðrir styrktaraðilar og samstarfsaðilar frá upphafi tilgreindir, svo og staða verkefnisins innan Háskóla Íslands.

## 5 gr. Höfundarréttur

- 5.1 Höfundar að *hugverki* (þ.e. ritverki eða annarri afurð rannsóknarverkefnis) eiga höfundarrétt á viðkomandi efni, samkvæmt Höfundalögum nr. 73/1972, nema slíkur réttur hafi verið formlega framseldur með skriflegu samkomulagi.
- 5.2 Opin umræða um höfundarrétt og röð höfunda skal fara fram frá upphafi þar sem ábyrgðarmaður ber ábyrgð á að öll í rannsóknarhópnum taki þátt og viti af niðurstöðu í hverju tilviki.
- 5.3 Til þess að teljast höfundur að hugverki þarf aðili að hafa lagt til einhvers konar fræðilega nýsköpun (e. Academic Contribution) og uppfylla eftirfarandi í samræmi við kröfur International Committee of Medical Journal Editors, [ICMJE](#):
  - 5.3.1 Umtalsvert framlag til akademískrar hugmyndavinnu eða gagnaöflunar, greiningar og túlkunar;
  - 5.3.2 Vinna við greinardrög eða yfirllestur sem veitir mikilvægt framlag;
  - 5.3.3 Samþykki lokaútgáfu til birtingar;
  - 5.3.4 Samþykki fyrir ábyrgð á öllu verkinu og það hafi verið unnið af fyllstu nákvæmni og heilindum.
- 5.4 Eftirfarandi telst ekki fullnægjandi, eitt og sér, til þess að teljast höfundur að hugverki:
  - 5.4.1.1 Fjármögnun rannsóknar
  - 5.4.1.2 Almenn umsjón með rannsóknarhóp
  - 5.4.1.3 Gagnaöflun
  - 5.4.2 Ofangreind atriði eru algild viðmið. Til viðbótar er æskilegt að sá teljist höfundur sem geti svarað spurningum varðandi innihald og efni sem lýtur að aðferðum, niðurstöðum og öðrum fræðilegum þáttum sem til umfjöllunar eru í viðkomandi fræðigrein.
  - 5.4.3 Ef upp kemur álitamál um hverjir ættu að vera höfundar að hugverki skal verkefnisstjórn reyna að leysa úr þeim ágreiningi, sbr. 2. gr.
  - 5.4.4 Drög að hugverki ásamt höfundum (og röð þeirra, sjá 6. gr.) skulu borin undir ábyrgðarmann rannsóknarinnar, áður en það er sent til birtingar. Er það gert til þess að leysa ágreiningsatriði eða hagsmunaárekstra ef einhver eru.

## 6 gr. Röð höfunda

- 6.1 Höfundar sem standa saman að hugverki semja um röð höfunda og hver verður fyrsti höfundur. Tryggja skal að val á höfundaröð endurspeglir raunverulegt framlag allra höfunda til verksins, burtséð frá starfsheiti eða annarri stöðu höfunda. Í fyrstu drögum að greinum skulu tilteknir allir höfundar í þeirri röð sem þeim er ætluð og/eða getið allra sem þakka ber til að fyrirbyggja ágreining. Ef framlag höfunda er metið jafnt er farið eftir stafrófsröð og tekið fram við birtingu greinar að um jafnt framlag sé að ræða.
- 6.2 Fyrsti höfundur er sá sem tekið hefur frumkvæði og lagt fram mesta vinnu í þá hluta rannsóknar sem lúta að fræðilegri nýsköpun (sjá 5. gr.). Meistara- eða doktorsnemi skal að jafnaði teljast fyrsti höfundur að grein sem byggð er á og unnin er sem hluti af meistara- eða doktorsverkefni viðkomandi. Í reglum um doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands segir að leggi doktorsnemi fram ritmíð sem byggir á vísindagreinum skuli þær vera 3–5 talsins. Miðað er við að doktorsnemi sé aðalhöfundur a.m.k. þriggja.

- 6.3 Síðasti höfundur er gjarnan leiðtogi rannsóknarhópsins og ábyrgðarmaður greinarinnar. Hann ætti að vera virkur í hugmyndavinnu, undirbúningi og verkstjórn rannsóknarinnar. Röð annarra höfunda fer alla jafna eftir framlagi þeirra til rannsóknarinnar, og er sá höfundur framar í röðinni eftir því sem fræðileg nýsköpun hans telst meiri.
- 6.4 Þessi atriði skal hafa sem algild viðmið. Einnig telst eðlilegt að röð höfunda taki mið af hefðum innan viðkomandi fræðasviðs. Samtal um höfundaröð og notkun á gögnum skal eiga sér stað reglulega á rannsóknartímanum. Ræða þarf nánar hvernig farið skal með gögn sem doktorsnemi safnar á námstímanum en eru ekki notuð í doktorsritgerð. Við birtingu efnis skal leitast við að gera grein fyrir framlagi hvers höfundar. Þetta telst sérlega mikilvægt þegar um er að ræða þverfaglega rannsókn þar sem hefðir um röð höfunda stangast á.
- 6.5 Ágreinings- eða álitamál í þessum efnum eru lögð fyrir rannsóknastjóra viðkomandi sviðs til úrlausnar.

## 7 gr. Nýtingarréttur á niðurstöðum og gögnum

- 7.1 Öll gögn, þar með talið hrágögn, unnin gögn, og upplýsingar um gögn (e. Metadata) teljast eign Háskóla Íslands<sup>1</sup>. Í upphafi rannsóknar skulu rannsóknaraðilar eiga samtal um hvort öll gögn eða hlutar gagnasafns skulu vera aðgengileg öllum eða varin að hluta. Aðilar skulu tilkynna áform og gera með sér samkomulag um hvernig þeir hyggjast nýta gögn (sbr. öruggageymslugagna, e. Data Management). Þessi áform skulu borin undir verkefnisstjórn. Hafi rannsóknaraðili í upphafi gert kunnugt að hann hyggist nýta gögn á tiltekinn hátt, og verkefnisstjórn samþykkt þessa nýtingu gagna, skal sá hafa forgang umfram aðra rannsóknaraðila fram að áætlaðri dagsetningu verkloka.
- 7.2 Áætluð dagsetning verkloka skal tilgreind strax í upphafi rannsóknarverkefnis. Frestun á verklokum eða framlenging á verkefninu er háð ákvörðun verkefnisstjórnar. Hafi rannsóknaraðili við þessa dagsetningu ekki nýtt gögn á þann hátt sem verkefnisstjórn samþykkti og taki verkefnisstjórn ákvörðun um að fresta verklokum, er það verkefnisstjórnar að ákveða hvort rannsóknaraðili haldi rétti sínum að nýtingu gagna eða hvort rétturinn færist til annarra rannsóknaraðila, og þá til hverra. Þótt rannsóknaraðili tapi forgangsrétti að gögnum tapar hann ekki þar með höfundarrétti að hugverkum sem unnin eru út frá gögnum þessum heldur skal fara eftir viðmiðum í 5. og 6. gr.
- 7.3 Verkefni telst lokið þegar hugverk (sjá 5. gr.) með meginniðurstöðum hafa komið út. Eftir að rannsókninni lýkur verða vinnsluskrár settar í opinn eða stýrðan aðgang, sjá 8. gr. samkomulags.

## 8 gr. Opinn aðgangur

- 8.1 Miða skal við að birta niðurstöður rannsókna, sem eru fjármagnaðar fyrir opinbert fé og unnar af opinberum starfsmönnum, í tímaritum með opnum aðgangi og/eða varðveita niðurstöður í *opnu varðveislusafni*, þ.e. <https://opinvisindi.is/>. Með opnum aðgangi er átt við að efnið sé aðgengilegt „á rafrænu formi á veraldarvefnum, án endurgjalds fyrir notendur og með sem fæstum takmörkunum á nýtingu“ (<https://www.rannis.is/starfsemi/opinn-adgangur/>). Stýrður aðgangur að gögnum í rafrænu varðveislusafni er einnig mögulegur. Með stýrðum aðgangi er átt við að gögn séu aðgengileg hverjum þeim sem sérstaklega biður um aðgang að þeim, og er viðkomandi þá gjarnan gert að veita tiltekna upplýsingar um sig, svo sem nafn og rannsóknarstofnun. Tímasetning þess að gögn séu gerð aðgengileg að hluta eða heild fer eftir viðkomandi samningum.
- 8.2 Til að varðveislusafn teljist fullnægjandi þarf að vera tryggt að gögn glattist ekki þótt hýsitölva (e. Host) eða gagnagrunn glattist eða skemmist. Skilyrði þessu telst fullnægt ef sjálfkrafa er tekið afrit af öllum gögnum fyrir hverja uppfærslu safnsins.
- 8.3 Leitast skal við að birta gögn á formi sem auðveldar gagnaleit og frekari úrvinnslu gagnanna.
- 8.4 Leitast skal við að gera öll gögn, þar með talið hrágögn, unnin gögn, og upplýsingar um gögn (e. Metadata) aðgengileg. Undanskilin eru gögn sem hugsanlega eða örugglega eru rekjanleg, svo sem hljóðrit viðtala eða nöfn og kennitölur þátttakenda.
- 8.5 Ef utanaðkomandi aðili (þ.e. sem ekki kemur að þessu samkomulagi) hyggst gefa út fræðilega grein eða birta á annan hátt, á akademískum vettvangi, efni sem alfarið eða að stórum hluta byggir á gögnum sem safnað hefur verið í þessari rannsókn verður sá aðili að fá til þess formlegt leyfi frá verkefnisstjórn (sjá 2. gr.). Enn fremur þarf að athuga hvort aðilar að þessu samkomulagi skuli teljast höfundar að birtu efni, skv. leiðbeiningum í 5. og 6. gr. Ekki þarf að sækja um formlegt leyfi til að samkeyra gögn við annað, óskilyt

<sup>1</sup> Ef ábyrgðarmaður hverfur frá störfum við Háskóla Íslands, má viðkomandi flytja afrit af gögnum til annarrar stofnunar ef sviðsforseti og Háskóli Íslands samþykkja. Ef aðili að rannsókn hverfur frá störfum eða frá rannsókninni fyrirgerir viðkomandi rétti sínum til að nýta gögnin.

gagnasafn, enda skapast þá ný þekking sem ekki hefði verið hægt að afla ef úrvinnsla hefði einskorðast við þau gögn sem aflað er í þessari rannsókn. Þó er skilyrði fyrir notkun gagna að uppruna þeirra sé ávallt getið.

## 9 gr. Almenn atriði

- 9.1 Samkomulag þetta verður endurskoðað þegar verkefnisstjórn telur ástæðu til.
- 9.2 Aðilum er óheimilt að framselja eða flytja með öðrum hætti réttindi sín og skyldur samkvæmt samkomulagi þessu, hvorki að hluta né í heild nema með samþykki allra aðila.
- 9.3 Um samkomulag þetta gilda íslensk lög.
- 9.4 Komi til ágreinings um túlkun og framkvæmd samkomulags þessa skulu aðilar leggja sig fram um að leysa ágreininginn með samkomulagi utan réttar. Rísi mál vegna framkvæmdar á samkomulagi þessu eða túlkun á einstökum ákvæðum hans skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## Nöfn og undirskriftir meðlima rannsóknarhóps

Heiti á rannsóknaverkefni

Byrjunar og áætluð lokadagsetning verkefnis

Nafn aðalrannsakanda

Nafn

Netfang

Netfang

Undirskrift

Undirskrift

Nafn

Nafn

Netfang

Netfang

Undirskrift

Undirskrift

Nafn

Nafn

Netfang

Netfang

Undirskrift

Undirskrift

Nafn

Nafn

Netfang

Netfang

Undirskrift

Undirskrift

Nafn

Nafn

Netfang

Netfang

Undirskrift

Undirskrift